

Rangárþing ytra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 6. júní 2016
UST201604-126/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi landsspildunnar Snjallsteinshöfði 1D í Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi landsspildunnar Snjallsteinshöfði 1D í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að ofangreint deiliskipulag nær til rúmlega 11 ha landsspildu sem liggar á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til er á landi sem er algróið, aðallega gras- og mólendi. Á svæðinu eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og á svæðinu eru ekki vistkerfi og jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur